



# CERAMIZER®



TRAKTORAR

## LEIÐBEININGAR TIL NOTKUNAR Á GÍRKASSA & DRIF Í TRAKTORUM

CERAMIZER® byggir upp slitfleti gírkassa og drifa og endurskapar upprunalega áferð þeirra.

Rétt notkun á Ceramizer-efninu skilar sér fljótt og vel í meira afli og minni eldsneytiseyðslu, auk þess sem gírolían endist lengur og titringur og hávaði minnka. Líftími gírkassans lengist, svo og tíminn á milli olíuskipta. Ceramizer-efnið byggir upp slitfleti gírkassans á meðan hann er í notkun og án þess að taka þurfi neitt í sundur. Málmríkt keramíkið hefur einstaka eiginleika og þekur alla fleti gírkassans, einkum þá sem eru tærðir, og endurskapar þannig upprunalega áferð þeirra og minnkar allt við-nám. Efnið er því fljótt að borga sig upp í minna viðhaldi.

Ceramizer-efnið stíflar ekki olíurör vegna þess hve agnir í efniinu eru smáar. Það hefur engin áhrif á gírolíuna, sem viðheldur smurhæfni sinni að fullu. Olían er hins vegar notuð til að flytja efnið um gírkassann og koma því fyrir á þeim stöðum þar sem mest er þörf fyrir það.

### ÁRANGUR

Ceramizer-efnið veitir vörn gegn sliti og tæringu í amk 1150 vinnustundir, en hægt er setja það aftur á gírkassann eða drifið eftir að þessari notkun er náð.

### SKAMMTASTÆRÐIR

Neðangreind tafla sýnir þá skammta af Ceramizer-efninu sem tryggja bestan árangur.

**Einn pakki = 4 skammtar af Ceramizer-efninu** - Einn skammtur = ein túpa með 4,5 grömmum

| Smurolíumagn í gírkassa/drifi (lítrar) | að 20    | 20–30    |
|----------------------------------------|----------|----------|
| Notkun: 1000 til 4000 vinnustundir     | 1 pakki  | 2 pakkar |
| Notkun: 4000 til 16.000 vinnustundir   | 2 pakkar | 3 pakkar |
| Notkun: 16.000 til 25.000 vinnustundir | 3 pakkar | 4 pakkar |



**1. HITIÐ UPP GÍRKASSANN/ DRIFIÐ MEÐ ÞVÍ AÐ AKA NOKKRA KM EÐA HÁLFA VINNUSTUND**



**3. KEYRIÐ TRAKTORINN NOKKRA KM EÐA NOTIÐ HANN Í HÁLFA VINNUSTUND**



**5. NOTIÐ TRAKTORINN AÐ VILD**



**2. DREPIÐ Á VÉLINNI OG BLANDIÐ CERAMIZER-EFNINU Í GÍROLÍUNA**



**4. KEYRIÐ TRAKTORINN 200–300 METRA AFTURÁBAK**



**6. SKIPTIÐ EKKI UM SMUR-OLÍU FYRR EN EFTIR 25 VINNUSTUNDIR**

## EFNISUPPLÝSINGAR

1. Ceramizer-efnið hentar fyrir allar tegundir gírolíu, beinskipta gírkassa og niðurfærslugíra.
2. Ef notað er minna af Ceramizer-efninu en ráðlagt er í neðangreindri töflu má reikna með minni árangri.
3. Ef notað er meira af Ceramizer-efninu en ráðlagt er þá hefur það engar neikvæðar hliðar-verkanir, heldur lengir einungis verkunina.
4. Keramíkhúðin endist í allt að tvö ár, allt eftir því hve notkunin er mikil, eða uppí 1650 vinnustundir.
5. Meðferð með Ceramizer-efninu má endur-taka eins oft og þörf krefur.
6. Ceramizer-efnið má nota á öll iðnaðartæki en þó er betra að fá ráðleggingar frá framleið-anda efnisins fyrst.

### VARÚÐ

1. Notist ekki á sjálfskiptingar.
2. Notist ekki á skrúfupjöppur.
3. Notist ekki á tregðutengd mismunadrif.

### INNIHALD PAKKA:

1. Fjórir skammtar, hver með 4,5 grömmum af Ceramizer-efni.
2. Leiðbeiningar.

## NOTKUNARLEIÐBEININGAR

1. Það er mikilvægt að hita upp vélverkið vel og vandlega áður en efnið er sett á. Einnig er gott að blanda efnið við olíu.

2. Drepið á vélinni.

3. Losið olíutappann af gírkassanum eða drifinu og sprautið inn Ceramizer-efninu. Ef áfyllingarrörið er langt er mælt með því að smurolíu sé hellt í það á undan og eftir Ceramizer-efninu. Þetta tryggir eðlilega íblöndun efnisins. Ef sía er í áfyllingarrörinu er æskilegt að blanda Ceramizer-efninu saman við 200 ml af smurolíu áður en því er hellt á gírkassann eða drifið.

4. Setjið olíutappann aftur í.

5. Keyrið nokkra km eða látið traktorinn vinna í hálfa klukkustund.

6. Keyrið traktorinn 200–300 metra í bakkgr.

7. Ceramizer-efnið nær fullri virkni næstu 25 vinnustundirnar. Framkvæmið ekki olíuskipti á meðan.

## LEIÐBEININGAR TIL NOTKUN-AR Á NIÐURFÆRSLUGÍRUM

1. Hitið upp niðurfærslugírana í amk 30 mín.

2. Hættið notkun.

3. Fjarlægjið olíuáfyllingarlok og sprautið inn Ceramizer-efninu.

4. Setjið olíulokið á.

5. Málmkeramíkhúð myndast á um 60 vinnustundum miðað við hefðbundna notkun. Framkvæmið ekki olíuskipti á þeim tíma.

## ATHUGASEMDIR:

1. Ef teflon- eða mólýben-efnum hefur áður verið blandað í olíu gírkassans eða drifsins er ráðlegt að skipta henni út og hreinsa smurkerfið áður en meðhöndlun með Ceramizer-efninu hefst. Annars er hætt við að árangur verði ekki ásættanlegur. (Ceramizer-efnið inniheldur ekki teflon- eða mólýben)

2. Ef skemmdir eru á gírkassanum eða drifinu, t.d. brotnar tennur, djúpar rispur eða annað áberandi slit, er nauðsynlegt að laga þessa ágalla áður en Ceramizer-efnið er notað.

3. Ceramizer-efnið bætir ekki þá hluta þar sem plast- eða gúmmihlutar nuddast saman við járn.

4. Skiptið ekki um smurolíu fyrstu 25 vinnustundirnar frá því Ceramizer-efnið var sett á gírkassann eða drifið.

5. Notið samhliða Ceramizer-efnum fyrir vél-ar og eldsneyti og náði þannig fullkomnum árangri.

Fyrir frekari upplýsingar og fyrirspurnir



ceramizer@islandia.is



Ceramizer á Íslandi



www.ceramizer.is



Ceramizer á Íslandi